

Skerðingsstaðir

Þorleifur Jóhannesson skráði.

Bærinn stendur á breiðum tanga, sem gengur austur í **Lárvaðal** (1). Íbúðarhúsið stendur austast á tanganum, utan túns. Áður stóð bærinn upp í miðju túni, er þar nú sléttur hólbali.

Vestast á túninu niður við bakkann er tóft, sem **Bakkatóft** (2) heitir. Syðst í túninu er stór flöt, sem heitir **Gilflöt** (3). Suður frá aðaltúninu er annað sem heitir **Kottún** (4). Stóð þar áður býli, sem hét **Skerðingsstaðakot** (5). Milli túnanna rennur lækur, sem kallaður er **Bæjargil** (6). Kemur það ofan úr fjalli, sem er vestur og upp frá bænum. Er það allhátt með klettagirðingum, heitir það **Skerðingsstaðafjall** (7).

Fyrir austan Kottúnið eru börð, sem ekkert nafn hafa. Suður með vaðlinum er stórt melholt, sem heitir **Langholt** (8), suðvestur af því eru mörg lítil holt, sem heita **Smáholt** (9). Austan Langholts rennur **Hólalækur** (10) (samanber Lárpláss), fellur hann í botn Lárvaðals við holtið. Fyrir framan Langholt tekur við flói, sem er kallaður **Lágiflói** (11). Fyrir framan flóann eru börð, sem heita **Móbörð** (12). Framan við Móbörð er lækur, sem **Mólækur** (13) heitir. Næsti lækur fyrir framan Mólækinn heitir **Sellækur, Heimri-** (14). Milli lækjanna eru mýrar, sem ná upp að hlíðinni. Sellækur þessi er landamerkjalækur á milli Skerðingsstaða og Lár. Heiman Sellækjar heita **Fremstubreiddar** (15) – ná þær heim að **Hvarfi** (16), um þær rennur Mólækurinn. Upp undan Móbörðunum heitir Hvarf, upp af því gengur Skerðingsstaðafjall lengst í austnorður, heitir þar **Skerðingsstaðaöxl** (17). Fyrir neðan Hvarfið er stór steinn, sem heitir **Grásteinn** (18). Fyrir heiman hann heitir hlíðin **Hrafnshlíð** (19). Fyrir heiman Hrafnshlíðina er gilskora í hlíðina, sem heitir **Hrafnagil** (20). Í gílinu er hellisskúti. Suður frá gílinu heitir **Hlíðarendi** (21). Fyrir heiman hann eru kallaðir **Hjallar** (22), eru þeir aðgreindir í **Syðri-** (23) og **Ytrihjalla** (24). Á Syðrihjallanum (svo) er klettaborg við hellisskútann, sem heitir **Litla-Gráborg** (25). Utar á honum er önnur stærri, sem heitir **Stóra-Gráborg** (26), er hún við Bæjargilið. Upp í Ytrihjallana gengur laut, sem heitir **Kúalág** (27). Fyrir neðan Ytrihjallana heita **Bekkir** (28), eru það grashjallar og brekkur, ná þeir niður í hlíðarrætur. Frá hlíðinni og niður að vaðlinum eru mýrar fyrir vestan túnið, þær eru ekki nefndar sérstöku nafni. Utarlega á

bökkunum eru þrjú holt, sem heita **Þríholt** (29); um miðholtið rennur smálækur, sem **Merkjalækur** (30) heitir. Hann kemur ofan af Ytrihjöllum og rennur niður Hvarfið.

Fyrir ofan Ytrihjalla eru mosasvaðar upp undir brúnina, eru þeir kallaðir **Tvíhlíð** (31). Fyrir sunnan Tvíhlíðina heita **Hærrihjallar** (32), fellur Bæjargilið milli þeirra og Tvíhlíðar. Fyrir sunnan Öxlina (sjá áður) heitir **Lambahlíð** (33). Fyrir ofan brúnina er dalur, sem heitir **Mælifellsdalur** (34). Upp af honum er hátt fell með klettum að austan, heitir það **Mælifell** (35). Fyrir ofan (sunnan) Mælifell er skarð, sem heitir **Bjarnarskarð** (36)

Stafrófsskrá örnefna

Bakkatóft 2
Bekkir 28
Bjarnarskarð 36
Bæjargil 6
Fremstubreiðar 15
Gilflöt 3
Gráborg, Litla- 25
Gráborg, Stóra- 26
Grásteinn 18
Heimri-Sellækur 14
Hjallar 22
Hlíðarendi 21
Hólalækur 10
Hrafnsgil 20
Hrafnshlíð 19
Hvarf 16
Hærrihjallar 32
Kottún 4
Kúalág 27
Langholt 8
Lágiflóí 11
Lárvaðall 1
Litla-Gráborg 25
Merkjalækur 30
Móbörð 12
Mólækur 13
Mælifell 35
Mælifellsdalur 34
Sellækur, Heimri- 14
Skerðingsstaðafjall 7
Skerðingsstaðakot 5
Skerðingsstaðaöxl 17
Smáholt 9
Stóra-Gráborg 26
Syðrihjalli 23
Tvíhlíð 31
YtriHjallar 24
Þríholt 29